



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**104. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í fjarfundi, föstudaginn 25. febrúar 2022
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Ásgeir Sveinsson, Bergljót Kristinsdóttir, Helga Hauksdóttir, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Ólafur Ingi Tómasson, Ragnhildur Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Sveinn Óskar Sigurðsson, Marta Guðjónsdóttir, Pawel Bartoszek, Jón Ingi Hákonarson og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Dagskrá:

1. Kjós Breyting á aðalskipulagi (2017-2029 - 2111013)

Framhald frá 103 fundi en þá var eftirfarandi skráð í fundargerð:

Borist hefur erindi dags. 4.11.2021 frá skipulag- og byggingarfulltrúa Kjósahrepps þar sem óskað er umsagnar vegna þessa.

Kjósarhreppur auglýsir til kynningar verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi samkvæmt 1 mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og deiliskipulags fyrir svæði 18a í landi Valdastaða í Kjósarhreppi samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið breytinga á aðalskipulagi er að svara aukinni eftirspurn fyrir lóðir í dreifbýli nálægt höfuðborginni í samræmi við áherslur sveitarstjórnar um eflingu byggðar í Kjós. Sveitarfélagið hefur þessu tengt fest kaup á 76,41 ha. skilgreindu svæði í landi Valdastaða og áformar að deiliskipuleggja það fyrir íbúðarbyggð, með um 150-200 lóðum og byggja upp í áföngum á næstu árum.

Niðurstaða fundar:
Frestað

Málið er nú lagt fram að nýju.

Ekki gerðar athugasemdir.

2. Breytingar á íbúðaruppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu - 2202010

Fyrirliggjandi er erindi dags. 2.2.2022 frá Bergljótu Kristinsdóttur, fulltrúa Kópavogsbæjar, sem óskaði eftir að ofangreint yrði tekið til umræðu.

Jón Kjartan Ágústsson fór yfir tölur Fasteignaskrá Íslands og Hagstofu Íslands um mannfjölda og húsnæði.

Erindið var rætt.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

3. Þróunaráætlun 2020 - 2024 - 1812002

Á 98. fundi þann 15. janúar 2021 var lögð fram Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024 dags. 15. janúar 2021 ásamt minnisblaði svæðisskipulagsstjóra dags. 11. janúar 2021 og var þeim vísað til sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu.

Í minnisblaði kom fram tillaga þess efnis að skapalón (excel skjöl) þróunaráætlunar yrðu uppfærð þegar nýjar mannfjöldatölur frá Hagstofu Íslands lægju fyrir. Gefnar hafa verið út mannfjöldatölur fyrir fjórða ársfjórðung ársins 2021 og er lögð fram tillaga að SSH uppfæri skapalón þróunaráætlunar.

Svæðisskipulagsnefnd felur SSH að hefja vinnu við stöðutöku á þróunaráætlun og uppfærslu skapalóns. Nefndin telur mikilvægt að vinnu verði lokið eins fljótt og auðið er.

4. Ofanbyggðarvegur: Erindi til svæðisskipulagsnefndar nóvember 2021 - 2111007

Á 103 fundi var eftirfarandi skráð í fundargerð:

Borist hefur erindi dags. 11.11.2021 frá fulltrúa Hafnarfjarðar í svæðisskipulagsnefnd þar sem óskað er eftir að eftirfarandi sé tekið til umræðu nefndarinnar. Erindinu fylgir bréf stílað á svæðisskipulagsstjóra og umsögn um friðlýsingu Urriðakotshrauns dags. 6.10.2021. Fyrir liggur minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 20.10.2020 um skipulagslegar stöðu ofanbyggðarvegur.

Á fundinum var erindið rætt og málinu frestað.

Erindið er nú lagt fram að nýju.

Ólafur Ingi Tómasson og Jón Ingi Hákonarsson leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Hafnarfjarðar vekja athygli á að Ofanbyggðavegur er skilgreindur í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sem stofnvegur. Elliðavatnsvegur/Flóttamannavegur frá Hafnarfirði í Kópavog liggur að stórum hluta í væntanlegri legu Ofanbyggðarvegur, sama á við ef Elliðavatnsvegi/Flóttamannavegi yrði breytt í stofngötu.

Fulltrúar Hafnarfjarðar benda á að skilgreining á Elliðavatnsvegi/Flóttamannavegi sem skilavegi gengur gegn samþykktu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og mælast til þess við Alþingi og Vegagerðina að Elliðavatnsvegur/Flóttamannavegur sé ekki skilgreindur sem skilavegur og verði því áfram í umsjón Vegagerðarinnar.

Sigurður Guðmundsson og Harpa Þorsteinsdóttir leggja fram eftirfarandi bókun: Garðabær áréttar þá stefnu sem sett er fram í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 að svokallaður Ofanbyggðarvegur liggur frá bæjarmörkum í skarði milli Svínholts og Setbergsholts meðfram vesturbakka Urriðavatns að mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Álftanesvegur þar sem í dag er tenging við atvinnusvæðið í Molduhrauni.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Gert er ráð fyrir að tengibraut liggja frá Ofanbyggðavegi sunnan Urriðavatns að íbúðarbyggð í Urriðaholti og um Urriðaholtsstræti að mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut. Frá Urriðaholti að Vífilsstaðavegi/Elliðavatnsvegi liggur Flóttamannavegur sem skilgreindur er sem aðrir vegir í aðalskipulagi.

Unnið er að deiliskipulagi Vífilsstaðahrauns og verður þar mótuð stefna um legu og útfærslu Flóttamannavegar frá Urriðaholti að Vífilsstöðum. Þar er einnig gert ráð fyrir göngu-og hjóltreidaleiðum sem tengja bæjarhluta saman.

Garðabær hefur þar með mótað stefnum um legu Ofanbyggðarveggar og flæði umferðar frá bæjarmörkum milli Svínholts og Setbergsholts.

Sýnt hefur verið fram á að Reykjanesbraut frá Kaplakrika að bæjarmörkum Kópavogs geti rúmað 3 akreinar í hvora átt auk akreinar fyrir almenningssamgöngur þegar að því kemur. Stefnt er að því að vinna deiliskipulag fyrir Reykjanesbraut innan Garðabæjar þar sem stefna um útfærslu stofnbrautarinnar og tenginga við hana verður mótuð með áherslur á fjölbreytta samgöngumáta.

Garðabær fagnar þeirri vinnu sem átt hefur sér stað um útfærslur Reykjanesbrautar frá Læknum að Kaplakrika. Tillögur Mannvits um jarðgöng undir Setbergshamar eru sérstaklega athyglisverðar þar sem þar myndi fjölga akreinum fyrir umferð um Reykjanesbraut svo um munar.

Garðabær tekur undir það að Ofanbyggðavegur eins og hann er skilgreindur í Aðalskipulagi Garðabæjar verði í umsjón Vegerðarinnar og hugað verði að framkvæmdum í tíma. Auk þess skal áréttað mikilvægi þess að undirbúningur framkvæmda við lagningu Álftanesveggar frá Engidal að Reykjanesbraut hefjist sem fyrst.

Ólafur Ingi Tómasson og Jón Ingi Hákonarsson leggja fram eftirfarandi bókun: Fulltrúar Hafnarfjarðar benda á að svokallaður Ofanbyggðavegur sem fulltrúar Garðabæjar vísa í er ekki nefndur í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og því útúrskráningur að taka undir að sá vegur verði í umsjón Vegagerðarinnar.

Marta Guðjónsdóttir yfirgaf fund kl. 14:41

5. MOS Blikastaðakró, Leiruvogur, friðun og Sundabraut - 2111020

Á síðasta fundi var eftirfarandi skráð í fundargerð:

Borist hefur erindi dags. 12.11.2021 frá fulltrúa Mosfellsbæjar í svæðisskipulagsnefnd þar sem óskað er eftir að eftirfarandi sé tekið til umræðu nefndarinnar. Erindinu fylgir bréf dags. 25.11.2021 stílað á svæðisskipulagsnefnd ásamt fylgigögnum og varðar feril máls við friðun Blikaðstakaróar.

Á fundinum var erindið rætt.

Niðurstaða fundar:
Vísað til nánari rýni hjá SSH.

Erindið er nú lagt fram að nýju.

Jón Kjartan Ágústsson upplýsir að erindið sé enn í vinnslu hjá SSH.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

6. Gb Arnarland breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 - 2202012

Fyrir liggur bréf dags. 8. febrúar 2022 vegna ofangreinds.

Ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagslýsingu. Bent er á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem var skilgreindur var með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi árið 2018 en með breytingunni var samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Í breytingunni segir að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit-oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu og blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt þeim sem fara ferða sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.

Sigurður Guðmundsson yfirgaf fund kl. 15:08.

7. MOS Aðalskipulagsbreyting í landi Dallands - 1809002

Fyrir liggur bréf dags. 3. febrúar 2022 vegna ofangreinds.

Ekki eru gerðar athugasemdir við tillögu að aðalskipulagsbreytingu. Í svæðisskipulagi er lögð áhersla að vernda landbúnaðarland innan höfuðborgarsvæðisins.

8. MOS Miðsvæði 116 Íbúðafjölgun - 2202003

Fyrir liggur bréf dags. 3. febrúar vegna ofangreinds.

Tillagan miðar að því að halda áfram uppbyggingu miðbæjar Mosfellsbæjar með það að markmiði að bjóða fjölbreytta búsetukosti í nálægð við þjónustu og áætlaðar almenningssamgöngur.

Ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagslýsingu. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna í töflu 2, sem sveitarfélög þurfa að útfæra nánar í aðalskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd bendir einnig á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins en með breytingunni var samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Í breytingunni segir að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit-oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu og blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt þeim sem fara ferða sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.

9. Hf Tvöföldun Reykjanesbrautar deiliskipulag - 2108002

Fyrir liggur bréf dags. 14. febrúar 2022 vegna ofangreinds.

Á 102. fundi var kynnt breyting aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna tvöföldunar á Reykjanesbrautar í núverandi vegstæði og eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð: Ekki gerðar athugasemdir og lögð áhersla á að samhliða breikkun Reykjanesbrautar verði lögð áhersla á að tryggja greiðar tengingar fyrir gangandi og hjólandi til að búa til góða tengingu milli Höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja.

Nú liggur fyrir tillaga að deiliskipulagi sem sýnir útfærslu tvöföldunar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjanesbrautar og fyrirkomulag göngu- og hjólastíg.

Ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.